

Ágúst H[ákonarson] Bjarnason

- **F.** 20. ágúst 1875 á Bíldudal, d. 22. september 1952.
- **Foreldrar:** Jóhanna Kristín Þorleifsdóttir húsfreyja á Bíldudal, f. 16. desember 1834 í Hvammi í Döllum, d. 11. janúar 1896, og Hákon Bjarnason verslunarmaður á Þingeyri og síðar kaupmaður og útgerðarmaður á Bíldudal, f. 5. september 1828 að Ytri-Görðum í Staðarsveit á Snæfellsnesi, d. 2. apríl 1877. Eftir að Hákon varð úti eftir skipsstrand á Mýrdalssandi þegar Ágúst var aðeins tæpra tveggja ára gamall hélt Jóhanna áfram rekstrinum á Bíldudal í nokkur ár, en flutti síðan með börn sín til Reykjavíkur.
- **Maki:** Sigríður Jónsdóttir kennari, f. 18. apríl 1883, d. 26. mars 1971. Notaði eftirnafnið Ólafsson þegar fjölskylda hennar bjó í Vesturheimi og að einhverju leyti *Bjarnason* eftir að hún giftist Ágústi.
- **Foreldrar maka:** Helga Eiríksdóttir Ólafsson frá Karlsskála í Reyðarfirði, f. 21. janúar 1860, d. 17. febrúar 1925, og Jón Ólafsson ritstjóri, skáld og alþingismaður, f. 20. mars 1850 í Fáskrúðsfirði, Suður-Múlasýslu, d. 11. júlí 1916.
- **Börn:** Hákon, f. 13. júlí 1907, d. 16. apríl 1989, Helga, f. 24. september 1909, d. 16. nóvember 1974, Jón Ólafur, f. 28. mars 1911, d. 11. febrúar 1981, María Ágústa, f. 26. ágúst 1912, d. 20. maí 2005, og Haraldur, f. 9. mars 1922, d. 9. júní 2007. Öll notuðu börnin eftirnafnið *Bjarnason*.

Námsferill:

- Stúdentspróf frá Efterslægtsskabets Skole í Kaupmannahöfn 1894.
- Meistarapróf (mag. art.) í heimspeki frá háskólanum í Kaupmannahöfn 1901 með sálfræði sem aðalfag en þá heyrðu rannsóknir á vitundarlífi mannsins og lífeðlisfræðilegum undirstöðum þess enn til heimspekinnar.
- Fyrsti styrkþegi sjóðs Hannesar Árnasonar¹ 1901-1904 og nýtti styrkinn til framhaldsnáms í Þýskalandi, Sviss og Frakklandi.²
- Lauk doktorsprófi (Dr. phil.) frá háskólanum í Kaupmannahöfn 1911 með ritgerð um franska heimspekinginn Jean-Marie Guyau og siðfræði, þekkingarfræði og heimspekisögu sem aukagreinar.

Starfsferill:

- Kennari við Menntaskólann í Reykjavík 1905-1911, stundakennari þar 1924-1925.
- Stundakennari við Verslunarskóla Íslands 1905-1915.
- Prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands frá stofnun hans 1911 til ársins 1945. Meðal kennslugreina hans voru svonefnd forspjallsvísindi – „filan“ sem svo var jafnan kölluð

¹ Hannes Árnason (1812-1879), prestur, heimspekingur og kennari við Prestaskólann í Reykjavík, stofnaði styrktarsjóðinn 1878. Styrkur var veittur úr honum sjötta hvert ár og stóð undir framfærslu styrkþegans þrjá vetur við nám erlendis en fjórða árið átti hann að flytja fyrirlestra um efni sitt í Reykjavík.

² Ágúst og Guðmundur Finnbogason luku meistaraprófi á sama tíma og til stóð að úthluta í fyrsta skipti úr styrktarsjóði Hannesar Árnasonar (1901). Styrknum var ætlað að standa undir framhaldsnámi styrkþegans við erlenda háskóla (það er að segja utan Danmerkur). Ágúst og Guðmundur kepptu um styrkinn og kom hann í hlut Ágústs sem hélt til frekara náms í Þýskalandi, Frakklandi og Sviss. Guðmundur átti reyndar eftir að njóta styrksins síðar, sem og Björg C. Þorláksson og fleiri íslenskir heimspekingar á fyrri hluta tuttugustu aldar, en óhætt er að tala um blómaskeið í íslenskri heimspekisögu á þeim árum sem styrksins naut við. Styrkþeganum var gert skylt að halda röð fyrirlestra fyrir almenning að loknum þremur námsárum og nutu þeir tíðast mikilla vinsælda og urðu í sumum tilfellum grundvöllur útbreiddra rita um heimspekileg efni.

síðar (út frá examen *philosophicum*) – sem fólst í ágripi af sálfræði, heimspeki og rökfræði og átti sér langa hefð við Kaupmannahafnarháskóla og víðar.

- Rektor Háskóla Íslands 1917-1918 og 1928-1929.
- Skólustjóri Gagnfræðaskóla Reykvíkinga (einatt nefndur Ágústarskólinn framán af, síðar Gagnfræðaskóli Vesturbæjar) frá stofnun hans 1928 til ársins 1944.

Hinn nýbakaði doktor í sálfræði frá Kaupmannahafnarháskóla, Ágúst H. Bjarnason, var skipaður prófessor í heimspeki við nýstofnaðan háskóla í Reykjavík sem að framan getur Hann gegndi því starfi í tæpa þrjú áratugi. Árið 1916 kom út bók hans *Almenn sálarfræði, til notkunar við sjálfsnám og nám í forspjallsvísindum*, sem er fyrsta frumsamda íslenska bókin um sálfræði.³ Í henni er meðal annars fjallað um bakgrunn sálfræðinnar í heimspeki, rannsóknaraðferðir greinarinnar og ýmis einstök rannsóknarsvið. Bókin var endurútfengin, aukin og endurbætt 1938.

Þessarar bókar Ágústs er getið hér sérstaklega því hún hafði víðtæk áhrif; hún var námsefni í forspjallsvísindunum sem var skyldufag fyrir allan þorra nemenda Háskóla Íslands í áratugi. Heimildir bera með sér að tæplega þúsund stúdentar hafi sótt fyrirlestra Ágústs á löngum kennsluferli hans – og lesið að minnsta kosti eitthvað í bókinni. Annars náðu þeir ekki prófi.

Bókin vakti auðvitað forvitni út fyrir raðir háskólastudenta – um þessi fræði var fátt annað bitastætt að finna á íslensku (sjá þó athugasemd 3) neðanmáls). Sálfræði var því ærið umhugsunarefni fjölda manns þegar á fyrri hluta liðinnar aldar. Bókin var gefin út aftur, aukin og endurbætt, 1938.

Það er forvitnilegt til þess að hugsa og ber vott um metnað og framsýni við Háskóla Íslands að Ágúst H. Bjarnason hélt einnig sérstök sálfræðinámskeið fyrir læknastudenta og guðfræðistudenta.

Því er við að bæta að meistaranám í sálfræði er ekki með öllu nýjung við Háskóla Íslands á síðari árum því Ágúst mun hafa boðið upp á meistaranám í fræðunum þegar í upphafi ferils síns þar og það gerði Guðmundur Finnbogason einnig síðar. Enda höfðu þeir til þess alla burði. En ekki var teljandi eftirspurn eftir náminu og enginn lauk því. (Jörgen Pind 2003 og Hannes Björnsson og Jörgen Pind 2011).

Félagsstörf, m.a.:

- Meðal stofnenda Vísindafélags Íslendinga 1918 og fyrsti forseti þess. Aftur forseti 1941-1944.
- Félagi í British Society of Psychological Research, British Psychological Society og Deutsche philos. Gesellschaft.
- Í fyrstu Þingvallanefnd.
- Í nefnd til úthlutunar styrks til skálda og rithöfunda.
- Í nefnd um skipan kennslumála o.fl.

³ Reyndar hafði verið gefin út önnur íslensk bók sem fjallar töluvert um sálfræði á fræðilegan hátt. Það er *Hugur og heimur* eftir Guðmund Finnbogason. Sú bók kom út árið 1912 og er safn af fyrirlestrum sem Guðmundur hélt í Reykjavík veturinn 1910-1911 á meðan hann naut svonefnds Hannesarstyrks. Þar fjallar Guðmundur m.a. um skynjun, rökhugsun, sálarlífið og doktorsritgerð sína um samúðarskilninginn (Guðmundur Finnbogason, 1912). Ágúst nefnir ekki þessa bók Guðmundar í formálanum að *Almennri sálarfræði* (1916) og má vera að það stafi af því að samkeppni var þeirra í milli um stöður, m.a. prófessorsstöðuna í heimspeki við stofnun Háskóla Íslands 1911. Báðir höfðu menntun til að gegna þeirri stöðu og komu til álitu við veitingu hennar en Ágúst hlaut hana.

Ritstörf:

- Upphaf kristinnar og höfundur hennar Jesús kristur. Sjerprentun úr fyrirlestrunum: „Yfirliti yfir sögu mannsandans.“ Kostnaðarmaður: Sigfús Eymundsson. Reykjavík, 1904. Sjá: <https://timarit.is/page/6855503?iabr=on#page/n3/mode/1up/search/%E2%80%A2%22Upphaf%20kristinnar%20og%20h%C3%B6fundur%20hennar%20Jes%C3%BA%20kristur%22>. Sótt 20.1 2020.
- Andatrúin og framþróun trúarbragðanna. Prentsmiðjan Gutenberg. Reykjavík, 1905. (hluti af yfirliti yfir sögu mannsandans). Sjá: <https://timarit.is/page/2290402?iabr=on#page/n6/mode/1up/search/%E2%80%A2%22Andatr%C3%BAin%20og%20fram%C3%BE%C3%B3un%20tr%C3%BAarbrag%C3%B0anna%22>. Sótt 21.1 2020.
- Nítjándi öldin. Reykjavík. Bókaverzlun Guðmundar Gamalielssonar: Sigurður Kristjánsson. Reykjavík, 1906. (hluti af yfirliti yfir sögu mannsandans). Sjá: <https://timarit.is/page/6955596?iabr=on#page/n19/mode/1up/search/%E2%80%A2%22N%C3%ADtj%C3%A1nda%20%C3%B6ldin%20%C3%81q%C3%BAst%20h.%20bjarnason>. Sótt 20.1 2020.
- Austurlönd. Reykjavík. Kostnaðarmaður Sigurður Kristjánsson, 1908. (hluti af yfirliti yfir sögu mannsandans). Sjá: <https://timarit.is/page/4366753?iabr=on#page/n4/mode/1up/search/%E2%80%A2%22A1g%C3%BAst%20h.%20bjarnason%20Austurl%C3%B6nd.%20Reykjav%C3%ADk.%20Kostna%C3%B0arma%C3%B0ur%20Sigur%C3%B0ur%20Kristj%C3%A1nsson>. Bókardómur. Sótt 20.1 2020.
- Jean-Marie Guyau. En Fremstilling og en Kritik af hans Filosofi. København, Gyldendal, 1911. (doktorsritgerð) Sjá: <https://timarit.is/page/3135354?iabr=on#page/n174/mode/1up/search/doktorsritger%C3%B0ir>. Sótt 24.6 2020.
- Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau. *Skírnir*, 86. árgangur, 1912, bls. 7-110 og 289-307. Sjá: <https://timarit.is/page/2008215?iabr=on#page/n0/mode/1up/search/%E2%80%A2%22Sk%C3%A1ldspekingurinn.%20Jean-Marie%20Guyau>. Sótt 24.5 2020.
- Almenn rökfræði til notkunar við sjálfsnám og nám í forspjallsvísindum við Háskóla Íslands. Gefin út á kostnað höfundar. Reykjavík, 1913. Sjá: <https://timarit.is/page/2327575?iabr=on#page/n12/mode/1up/search/%E2%80%A2%22Almenn%20r%C3%B6kfr%C3%A6%C3%B0i%20til%20notkunar%20vi%C3%B0%20sj%C3%A1lfsn%C3%A1m>. Bókardómur Sigurðar Nordal í *Eimreiðinni*, 2. tbl. 1917, bls. 73-82. Sótt 16.1 2020.
- Rannsókn dularfullra fyrirbrigða. Erindi flutt fyrir Alþýðufræðslu Stúdentafélagsins. *Andvari. Tímarit hins íslenska þjóðvinafélags*. 39. árg., 1. tbl. 1914, bls. 16-48. Sjá: <https://timarit.is/page/4320830?iabr=on#page/n2/mode/1up/search/ranns%C3%B3kn%20dularfullra%20fyrirb%C3%A6ra%20andvari>. Sótt 24.6 2020.
- Vesturlönd. Reykjavík. Kostnaðarmaður Sigurður Kristjánsson, 1915. (hluti af yfirliti yfir sögu mannsandans). Sjá: <https://timarit.is/page/2179227?iabr=on#page/n1/mode/1up/search/%E2%80%A2%22Vesturl%C3%B6nd.%20Reykjav%C3%ADk.%20Kostna%C3%B0arma%C3%B0ur%20Sigur%C3%B0ur%20Kristj%C3%A1nsson%20C%201915>. Sótt 20.1 2020. Bókardómur, undirritaður Olvir, í *Þjóðviljanum unga*, 45.-46. tbl., 18.9 1915.
- Drauma-Jói. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar. Reykjavík, 1915. Sagnir af Jóhannesi Jónssyni frá Ásseli, m.a. tilraunir sem Ágúst gerði á Drauma-Jóa, en þetta þótti merkilegt

rannsóknarefni og mun vera hið fyrsta fræðilega bók sinnar tegundar í parasálfræði (dulsálfræði) hér á landi. Sjá ritfregn:

<https://timarit.is/page/2327298?iabr=on#page/n63/mode/2up/search/%22Drauma-J%C3%B3i%22>. Sótt 16.1 2020.

Ritd. Einars Hjörleifssonar í *Skírn*, 90. árg., 1. ágúst 1916, bls. 321-322. Sjá: <https://timarit.is/page/2010334#page/n95/mode/2up>. Sótt 26.9 2020.

- Almenn sálarfræði til notkunar við sjálfsnám og nám í forspjallsvísindum. Reykjavík. Prentsmiðjan Gutenberg, 1916. Fyrsta frumsamda íslenska bókin um sálfræði (sjá þó athugasemd að framan). Í henni er meðal annars fjallað um bakgrunn sálfræðinnar í heimspeki, rannsóknaraðferðir greinarinnar og ýmis einstök rannsóknarsvið. <https://skemman.is/bitstream/1946/14752/1/BS-%c3%81q%c3%bast%20H.%20Bjarnason.pdf>. Sótt 20.1 2020.
- Um tilfinningalífið. Reykjavík. Prentsmiðjan Gutenberg, 1918.
- Siðfræði I. Forspjöll siðfræðinnar. Reykjavík. Prentsmiðjan Gutenberg, 1924.
- Det fysiologiske grundlag for vore vitale fornemmelser, følelser og tilbøjeligheder. Arkiv för Psykologi och Pädagogik, 3. bd. bls. 137-159 og 4. bd. 30-51. 1924. Sjá: <https://timarit.is/page/1126659?iabr=on#page/n3/mode/1up/search/det%20fysiologiske%20grundlag%20for%20vore%20vitale%20arkiv%20f%C3%B6r%20psykologi%20och>. Ritfregn. Sótt 24.6 2020.
- Almenn rökfræði. Önnur útgáfa, aukin og endurbætt. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar. Reykjavík. 1925. Sjá: <https://timarit.is/page/4918028?iabr=on#page/n51/mode/1up/search/almenn%20%C3%B6kr%C3%A6%C3%B0i%20%C3%A1q%C3%BAst%20h.%20bjarnason>. Sótt 16.1 2020.
- Siðfræði II. Höfuðatriði siðfræðinnar. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1926. <https://timarit.is/page/6499279#page/n18/mode/2up>. Sótt 20.1 2020.
- Himingeimurinn. Akureyri. Þorsteinn M. Jónsson, 1926. <https://timarit.is/page/5191933?iabr=on#page/n89/mode/1up/search/himingeimurinn%20%C3%A1q%C3%BAst>. Ritdómur Á.M. Sótt 20.1 2020.
- Doktorsritgerð frú Bjargar Þorlákssdóttur. *Lesbók Morgunblaðsins* 20.6 1926. Sjá: <https://timarit.is/page/3267810?iabr=on#page/n0/mode/1up/search/doktorsritger%C3%B0%20fr%C3%BA%20bjargar%20%C3%BEorl%C3%A1ksd%C3%B3ttur>. Ritdómur Ágúst. Sótt 25.6 2020.
- Ósýnileg tengsl. Ræða flutt í víðvarpið í Reykjavík 28. apríl 1926. *Eimreiðin*, 2. hefti 1926, bls. 124-133. Sjá: <https://timarit.is/page/4821091?iabr=on#page/n52/mode/1up/search/%C3%B3s%C3%BDnileg%20tengsl%20eimrei%C3%B0in>. Sótt 25.6 2020.
- Skattþegnahreyfingin. Erindi flutt á fundi Kaupmannafélags Reykjavíkur 29.1 1927. *Lesbók Morgunblaðsins* 13.2, bls. 41-44, og 20.2 1927, bls. 51-54. Sjá: <https://timarit.is/page/3268099?iabr=on#page/n5/mode/1up/search/skatt%C3%BEegnahreyfingin> og <https://timarit.is/page/3268089?iabr=on#page/n3/mode/1up/search/skatt%C3%BEegnahreyfingin>. Sótt 25.6 2020.
- Henrik Ibsen. *Skírnir*, 1. tbl. 1928, bls. 38-58. Sjá: <https://timarit.is/page/4653338?iabr=on#page/n65/mode/1up/search/henrik%20ibsen%20sk%C3%ADrnir>. Sótt 25.6 2020.
- Nýja Atlantis eða Ísland nútímans. *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga*, 11. árg., 1. tbl. 1929, bls. 172-185. Winnipeg, Manitoba. Sjá: <https://timarit.is/page/5682041?iabr=on#page/n218/mode/1up/search/n%C3%BDja%20>

[atlantis%20e%C3%B0a%20%C3%8Dsland%20n%C3%BAt%C3%ADmans](#). Sótt 25.6 2020.

- Heimsmynd vísindanna. *Fylgirit árbókar Háskóla Íslands*. Reykjavík. Prentsmiðjan Gutenberg, 1931. Sjá: <https://timarit.is/page/4914749?iabr=on#page/n0/mode/1up/search/%C3%A1rb%C3%B3k%20h%C3%A1sk%C3%B3la%20%C3%8Dslands%201928-1929>. Sótt 25.6 2020.
- Das Moderne Island. Í: *Deutschland und der Norden Breslau* 1931, bls. 128-137. Sjá: <https://timarit.is/page/6857549?iabr=on#page/n23/mode/1up/search/%20das%20moderne%20island%20august%201931>. Sótt 26.6 2020.
- Björnstjerne Björnson. Aldarminning. Reykjavík 1932. Rittfregn í *Skírnir*, 1. tbl. 1933, bls. 243. Sjá: <https://timarit.is/page/4655045?iabr=on#page/n248/mode/1up/search/bj%C3%B6rnstjerne%20bj%C3%B6rnsson%20aldarminning%20%C3%A1g%C3%BAst%20h.%20bjarnason>. Sótt 27.6 2020.
- Höfðings psykologiske teori. Köbenhavn. Levin & Munksgaard, 1933. (að stofni til fyrirlestur sem Ágúst flutti á 10. alþjóðþingi sálfræðinga í Kaupmannahöfn 22.-27.8 1932). Harald Höfðing var einn helsti lærifaðir Ágústis í námi hans við Kaupmannahafnarháskóla á síðustu árum 19. aldar og mat hann mikils. Um það ber vott þessi minningargrein Ágústis um Höfðing í Lesbók Morgunblaðsins 19.7 1931. Þar rekur hann m.a. helstu kenningar og hugmyndir „þess manns sem ég átti persónulega mest upp að inna, kennara míns um mörg ár.“ Sjá: <https://timarit.is/page/3269966?iabr=on#page/n0/mode/1up/search/h%C3%B6fðings%20opsykologiske%20teori>. Greinin birtist einnig í *Heimskringlu* (Winnipeg 12.8 1931).
- Almenn sálarfræði. Önnur útgáfa aukin og endurbætt. Reykjavík 1938. Ísafoldarprentsmiðja hf. Sjá: <https://timarit.is/page/4656374?iabr=on#page/n188/mode/1up/search/almenn%20s%C3%A1larfr%C3%A6%C3%B0i%20.%20%C3%BAtg.%20aukin%20og%20endurb%C3%A6tt>. Ritdómur Símons Jóh. Ágústssonar um bókina í *Skírnir*, 1. tbl. 1939, bls. 187-190. Sótt 29.6 2020.
- Um Björn Gunnlaugsson. *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga*. 1. tbl. 1938, bls. 17-28. Sjá: <https://timarit.is/page/5683526?iabr=on#page/n51/mode/1up/search/bj%C3%B6rn%20gunnlaugsson%20t%C3%ADmarit%20%C3%BEj%C3%B3%C3%B0r%C3%A6knisf%C3%A9lag%20%C3%ADslendinga%201939>. Sótt 30.6 2020.
- Ritdómur um bók (doktorsrit) séra Eiríks Albertssonar: Magnús Eiríksson, guðfræði hans og trúarlíf. *Skírnir*, 1. tbl. 1939, bls. 211-218. Sjá: <https://timarit.is/page/4656659?iabr=on#page/n213/mode/1up/search/magn%C3%BAs%20eir%C3%ADksson%20harvard%20medical>. Sótt 24.6 2020.
- Menning og siðgæði. Hátíðarræða Háskólans 1. vetrardag 1939. Vísir sunnudagsblað 29.10 og 5.11 1939. Sjá: <https://timarit.is/page/3542334?iabr=on#page/n1/mode/1up/search/menning%20og%20si%C3%B0g%C3%A6%C3%B0i%20bjarnason%20v%C3%ADsir%201939> og <https://timarit.is/page/3542346?iabr=on#page/n5/mode/1up/search/menning%20og%20si%C3%B0g%C3%A6%C3%B0i%20bjarnason%20v%C3%ADsir%201939>. Sótt 30.6 2020.
- Um verðmæti daglegs lífs. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja, 1941. (bók undir heitinu Samtíð og saga með átta erindum eftir sex prófessora sem flutt voru í Háskóla Íslands). Sjá bókartfregn í *Fálkanum* 14. árg., 45. tbl., 7.11 1941, bls. 5:

[.https://timarit.is/page/4360117?iabr=on#page/n4/mode/1up/search/um%20ver%C3%B0m%C3%A6ti%20daglegs%20%C3%ADfs%20bjarnason](https://timarit.is/page/4360117?iabr=on#page/n4/mode/1up/search/um%20ver%C3%B0m%C3%A6ti%20daglegs%20%C3%ADfs%20bjarnason) Sótt 30.6 2020.

- Vandamál mannlegs lífs I. *Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands*. Reykjavík. Háskóli Íslands 1943. Sjá: <https://timarit.is/page/4917357?iabr=on#page/n0/mode/1up/search/%E2%80%A2%E2%80%A2Vandam%C3%A1l%20mannlegs%20%C3%ADfs%20I.%20Fylgirit%20%C3%81rb%C3%B3kar%20H%C3%A1sk%C3%B3la%20%C3%8Dslands.%20Reykjav%C3%ADk.%20H%C3%A1sk%C3%B3li%20%C3%8Dslands%201943.> Sótt 20.1 2020.
- Orsakasamhengið. Vísindafélag Íslendinga. Greinar II, 2. 1945. Sjá: <https://timarit.is/page/4919022?iabr=on#page/n21/mode/1up/search/orsakasamhengi%C3%B0%20v%C3%ADsindaf%C3%A9lag%20%C3%ADslendinga>. Sótt 30.6 2020.
- Vandamál mannlegs lífs II. *Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands*. Reykjavík. Háskóli Íslands 1945. Sjá: <https://timarit.is/page/4917571?iabr=on#page/n2/mode/1up/search/%E2%80%A2Vandam%C3%A1l%20mannlegs%20%C3%ADfs%20II.%20Fylgirit%20%C3%81rb%C3%B3kar%20H%C3%A1sk%C3%B3la%20%C3%8Dslands.%20Reykjav%C3%ADk.%20H%C3%A1sk%C3%B3li%20%C3%8Dslands%201945.> Sótt 20.1 2020.
- Saga mannsandans (endurskoðuð, en ófullgerð, 1949-1952).
- Fjöldi greina og fyrirlestra, auk þýðinga, m.a. Kjarnorka á komandi tímum (1947, höf. David Dietz).
- Ritstjóri tímaritsins *Iðunnar* 1915-1922, ásamt Jóni Ólafssyni tengdaföður sínum, og birti þar fjölda frumsaminnna og þýddra greina um fræðileg efni, bókmenntir, merka menn o.fl. og setti fram afstöðu sína til ýmissa menningarmála sem þá voru efst á baugi. Einnig er þar að finna þýðingar á greinum og sögum úr erlendum málum. Skrif Ágúst í *Iðunni* eru ekki sundurliðuð hér, en það er gert í ritaskrá í Árbók Háskóla Íslands – Fylgirit 1940, bls. 48-52: <https://timarit.is/page/4918029?iabr=on#page/n52/mode/1up/search/almenn%20r%C3%B6kr%C3%A6%20B0i%20%C3%A1g%C3%BAst%20h.%20bjarnason>. Sótt 25.6 2020.
- Ritstjóri *Vöku* 1927-1929 (tímarit um menningarmál. Útgefendur (1. árg.): Ágúst H. Bjarnason, Árni Pálsson, Ásgeir Ásgeirsson, Guðmundur Finnbogason, Jón Sigurðsson, Kristján Albertsson, Ólafur Lárusson, Páll Ísólffson og Sigurður Nordal). Sjá skráðar greinar í „Vaka“: <https://timarit.is/articles?articleFilterOn=TITLE&publicationId=363&isByPublication=true&size=10>. Sótt 25.6 2020.

Þar er til að taka að nokkur stöðnun virðist hafa orðið í þróun sálfræðinnar hérlendis á þriðja og fjórða áratugnum, fyrir utan kennslu og skrif Ágúst og Guðmundar Finnbogasonar. Engir nýir sálfræðingar bættust í hópinn, nema hvað Björg C. Þorláksson lauk doktorsprófi við Sorbonne-háskóla í París 1926. Hún gegndi hins vegar ekki reglulegu starfi eða embætti á Íslandi, bjó lengst af í Kaupmannahöfn og París, allt frá 1897, en skrifaði margt á íslensku í hérlend rit. Það var ekki fyrr en á fimmta áratugnum og framan af þeim sjötta að fleira fólk kom til landsins með sálfræðimenntun. Við það varð jarðvegurinn frjórri og fólk bast böndum, fleiri störf urðu til fyrir sálfræðinga og þeir stofnuðu Félag íslenskra sálfræðinga 1954.

Heimildir:

- „Hver var Ágúst H. Bjarnason og hvert var framlag hans til heimspekinnar? Höfundur svars: Jakob Guðmundur Rúnarsson. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=61377>. Sótt 2.1 2020.

- Ágúst H. Bjarnason prófessor. Minningargrein Brodda Jóhannessonar. *Tíminn* 7.10 1952. <https://timarit.is/page/1016660?iabr=on#page/n2/mode/2up/search/%22%C3%A1g%C3%BAst%20h.%20bjarnason%22>. Sótt 21.1 2020.
- VIII. Látnir háskólakennarar. Ágúst H. Bjarnason. Útfararræða Símons Jóh. Ágústssonar. *Árbók Háskóla Íslands. Háskólaárið 1952-1953*. Reykjavík, 1953. Ræðan var einnig birt í *Morgunblaðinu* 7.10 1952. <https://timarit.is/page/1286591?iabr=on#page/n8/mode/2up/search/%22%C3%A1g%C3%BAst%20h.%20bjarnason%22>. Sótt 21.1 2020.
- Ágúst. H. Bjarnason á Wikipedia: https://is.wikipedia.org/wiki/%C3%81g%C3%BAst_H._Bjarnason. Sótt 31.12 2019.
- Hákon Bjarnason í Íslendingabók. Sótt 31.12 2019.
- Jóhanna Kristín Þorleifsdóttir í Íslendingabók. Sótt 31.12 2019.
- Tímaritið Breiðfirðingur. Breiðfirðingafélagið í Reykjavík. 3. árg., nóvember 1944, bls. 24. Sjá: <https://timarit.is/page/7015421#page/n25/mode/2up>. Sótt 1.1 2020.
- Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940. „Tínt hefur saman Páll Eggert Ólafsson“, I. bindi. Reykjavík, birt á kostnað Hins íslenska Bókmenntafélags 1948. Bls. 166 um Bjarna Gíslason, afa Ágúst H. Bjarnasonar, m.t.t. fæðingarstaðar, föður hans, Hákonar Bjarnasonar. https://baekur.is/bok/000306940/1/Islenzkar_aeviskrar_fra. Sótt 1.1 2020.
- Jörgen Pind: Sálfræðikennsla í Háskóla Íslands 1911-2001. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 8. árg. 2003, 9-19. Sjá: <https://www.hirsla.lsh.is/bitstream/handle/2336/77493/S2003-08-F4.pdf?sequence=1>. Sótt 16.1 2020.
- Hannes Björnsson og Jörgen L. Pind (2011): Sálfræði við Háskóla Íslands 100 ára. *Sálfræðiritið. Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 16. árg. Fylgirit 1. Sálfræðiping 2011. Ráðstefnurit. Erindi flutt í deild vísinda og rannsókna á þriðju ráðstefnu Sálfræðingafélags Íslands og Sálfræðideildar Háskóla Íslands 8. apríl 2011.
- Sigríður Jónsdóttir Bjarnason, f. Ólafsson í Íslendingabók. Sótt 2.1 2020.
- Helga Eiríksdóttir [Ólafsson] í Íslendingabók. Sótt 2.1 2020.
- Ágúst H. Bjarnason. Heimspekivefurinn. https://heimspeki.hi.is/?page_id=230. Sótt 2.1 2020.
- Um Gagnfræðaskóla Reykvíkinga: https://is.wikipedia.org/wiki/Gagnfr%C3%A6%C3%B0ask%C3%B3li_Reykv%C3%ADkinga. Sótt 3.1 2020.
- Upplýsingar um Helgu Eiríksdóttur: https://gardur.is/einstakl.php?nafn_id=150738&sumarblom_help=&umhirdu_beidni_help=. Sótt 02.01 2020.
- Sigríður Ásta Vigfúsdóttir: Ágúst H. Bjarnason og fyrsta íslenska kennslubókin í sálfræði. Lokaverkefni til BS-gráðu. Sálfræðideild. Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, júní 2013. <https://skemman.is/bitstream/1946/14752/1/BS-%c3%81g%C3%BAst%20H.%20Bjarnason.pdf>
- Drög Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali.



Málverkið er eftir Ásgeir Bjarnþórsson. Ljósmyndin úr myndasafni HÍ:
http://myndasafn.hi.is/fotoweb/archives/5001-Myndasafn/myndir/Lj%C3%B3smyndir%20H%C3%8D/%C3%81g%C3%BAst%20H%20Bjarnason%20pr%C3%B3fessor/%C3%81g%C3%BAst%20H.Bjarnason_01.jpg.info